

# STJÓRNARTÍÐINDI B 56 — 1987

---

---

19. nóvember 1987

945

Nr. 504

## REGLUGERÐ um innheimtuhlutfall útsvars 1988.

1. gr.

Innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslukerfi opinberra gjalda skal á árinu 1988 vera 6,7%.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 38/1987. Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 1988.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. nóvember 1987.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

20. nóvember 1987

Nr. 505

## AUGLÝSING um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði:

1. Ásbraut nýtur aðalbrautarréttar fyrir umferð af eftirtöldum götum:
  - a) Fornubúðum (biðskylda)
  - b) Hringbraut (biðskylda) og
  - c) Hvammabraut (biðskylda).
2. Fornubúðir njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Hvaleyrarbraut (biðskylda).
3. Reykjanesbraut nýtur aðalbrautarréttar fyrir umferð af Ásbraut (stöðvunarskylda).

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Lögreglustjórnin í Hafnarfirði, 20. nóvember 1987.*

**Már Pétursson.**

B 64